

LEIÐBEININGAR FYRIR STARFSFÓLK

LÖGIN

- Frá og með 1. júní 2007 eiga allir veitinga- og skemmtistaðir að vera reyklausir.
- Ekki er heimilt að hafa reyksvæði eða reykherbergi innanhúss.
- Heimilt er að reykja utanhúss undir þaki, föstu eða færanlegu, svo lengi sem svæðið er ekki lokað að meiru en $\frac{3}{4}$ með veggjum og nægjanlegt loftstreymi er tryggt.

AF HVERJU?

Heilsa starfsmanna er ástæðan. Starfsfólk veitinga- og skemmtistaða hefur verið einn fárra hópa sem hefur þurft að vinna í tóbaksreyk. Óbeinar reykningar skaða heilsu fólks. Þær geta t.d. aukið líkur á að fá hjartaáfall, lungna-krabbamein og heilablóðfall.

EF EINHVER VIRÐIR EKKI LÖGIN

- 1) Bendið viðkomandi á „bannað að reykja“ merkingarnar.
- 2) Útskýrið að samkvæmt lögum eru reykningar ekki leyfðar innanhúss.
- 3) Vísið á svæði þar sem reykningar eru leyfðar (utandyra).
- 4) Neitið þeim um þjónustu sem virða ekki lögin.
- 5) Ef ofantaldar aðgerðir duga ekki biðjið þá viðkomandi að yfirgefa staðinn.
- 6) Leitið aðstoðar hjá yfirmanni eða dyraverði ef ekkert af ofantöldu dugir.



REYKINGAR ERU EKKI LEYFÐAR Á ÞESSUM STAÐ SAMKVÆMT LÖGUM
SMOKING IN THESE PREMISES IS AGAINST THE LAW